

TORFI H. TULINIUS

Til móts við dauðann í *Brennu-Njáls sögu*

Í þessari grein er leitast við að nálgast *Brennu-Njáls sögu* með hugtökum sálgreiningarinnar, einkum og sér í lagi með hliðsjón af kenningunni um dauðahvötina einni umdeildustu hugmynd Sigmund Freuds. Sagan er ein af Íslendingasögnum, en atburðir þeirra gerast á tímanum frá landnámi til kristnitöku, á 9. og 10. öld. Hún er talin samin löngu síðar, eða undir lok 13. aldar, einum eða tveimur áratugum eftir blóðug átök Sturlungaaldar. Vænta má að minning þeirra atburða liti þá sýn á mannlífið sem birtist í sögunni.¹ Hún einkennist af stigmögnun átaka, þar sem hefnd leiðir til gagnhefndar og ofbeldið nær hámarki í *Njálsbrennu*. Þó söguþráðurinn sé langur og flókindur, má segja að flest atvik leiði beint eða óbeint til brennunnar að Bergþórshvoli og eftirmála hennar.

Í síðasta kafla *Brennu-Njáls sögu*, rétt fyrir sögulok, er sagt frá dauða Flosa Þórðarsonar. Þótt hann beri ábyrgð á brennunni, og hafi því framið mikinn glæp, fer höfundur mjúkum höndum um hann og lýsir honum þrátt fyrir allt sem göfugum manni:

Þat segja menn, at þau yrði ævilok Flosa, at hann færi utan þá er hann var orðinn gamall, at sækja sér húsavið, ok var hann í Noregi þann vetr. En um sumarit varð hann síðbúinn. Ræddu menn um, at vánt væri skipit. Flosi sagði, at væri ærit gott gömlum ok feigum, ok sté á skip ok lét í haf, ok hefir til þess skips aldri spurzk síðan.²

¹ Einar Ólafur Sveinsson, „Formáli“, *Brennu-Njáls saga*, Einar Ólafur Sveinsson gaf út, Reykjavík: Íslensk fornrit 12, 1954, bls. v–clxiii, hér bls. lxxxiv; cxii–cxx.

² *Brennu-Njáls saga*, Einar Ólafur Sveinsson gaf út, Reykjavík: Íslensk fornrit 12, 1954, bls. 463. Þar sem oft verður vitnað til þessarar útgáfu verður eftirleiðis vísað til blaðsíðna í svigum á eftir tilvitnun.



Þegar hér er komið sögu hefur Flosi bætt fyrir brennu Njáls og fjölskyldu hans, enda segir sagan að hann hefði „af hendi innt alla sætt sína bæði í utanferðum ok féggjöldum“ (462). Sáttin er ekki bara við menn heldur líka við Guð, því „hann tók lausn af páfanum sjálfum ok gaf þar til mikit fé“ (462). Því vekur athygli að lögð er áhersla á að hann lætur sér í léttu rúmi liggja aðvaranir um að leggja í langferð yfir stríða Atlantsála á löskuðu skipi. Enda hverfur skipið og gera verður ráð fyrir því að það hafi farist með manni og mús. Það er einkennileg ró yfir afstöðu Flosa, jafnvel þótt segja megi að hún sé óábyrg, því hann hættir ekki aðeins eigin lífi heldur skipshafnarinnar allrar. Höfundur hefur varast að nefna til sögunnar nokkurn úr henni og þannig forðast að vekja samúð með þeim hjá lesendum. Þvert á móti virðist afstaða Flosa stórmannleg og æðrulaus. Þessi endir hæfir miklum harmleik á borð við *Brennu-Njáls sögu*. Ástríðurnar hafa fengið útrás og sögupersónurnar geta horfið á ný inn í fortíðina.

Flosi er aðeins ein af mörgum persónum sögunnar sem virðast taka eigin dauða fagnandi. Jákvæð afstaða til eigin andláts virðist gegna veigamiklu hlutverki í sögunni, eins konar þrá eftir endalokunum. Örlög Flosa minna á það sem Sigmund Freud hefur að segja, í „Handan vellíðunarlögmálsins“, um þrá allra lífvera til „að hverfa aftur til kyrrstöðu ólífrænnar veraldar“. ³ Í þeirri ritgerð setti hann fram tilgátu sína um dauðahvötina sem mikilvægan þátt í aflfræði sálarlífsins. Hér verður reynt að öðlast betri skilning á byggingu og merkingarsmíð í *Brennu-Njáls sögu* með hugmyndir Freuds og sporgöngumanna hans að leiðarljósi.

Sálgreining og fornsögur

Brennu-Njáls saga er harmleikur og snýst að verulegu leyti um ástir og örlög. Hvort tveggja býður upp á nálgun út frá kenningum sálgreiningarinnar. Þetta er því ekki í fyrsta sinn sem slíkt er reynt. Til dæmis var Richard F. Allen undir áhrifum frá hugmyndum C.G. Jung þegar hann skrifaði bókina *Fire and Iron* um söguna. ⁴ Síðar sendi Carolyn Anderson frá sér athyglisverða grein þar sem hún fjallar um kyngervi í sögunni út frá kenningum

³ Sigmund Freud, „Handan vellíðunarlögmálsins“, *Ritgerðir*, Sigurjón Björnsson þýddi, ritaði inngang og skýringar, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002, bls. 81–147, bls. 146.

⁴ Richard F. Allen, *Fire and Iron. Critical Approaches to Njáls saga*, Pittsburgh: University of Pittsburgh Press, 1971.

Jacques Lacan.⁵ Margir erfiðleikar verða á vegi þeirra sem fara þessa leið að fornsögunum. Höfundar þeirra eru nafnlausir og við erum ekki einu sinni viss um að rétt sé að gera ráð fyrir einum höfundi eða hvort fleiri hafi vélað um hana, annað hvort samtímis eða síðar þegar sögurnar voru skrifaðar upp. Því er ekki hægt að styðjast við vitneskju um ævi eða persónu höfundar til að undirbyggja djúpsálarfræðilega túlkun. Við þetta bætist að töluverður munur getur verið á gerðum sögunnar eftir handritum, auk þess að munnleg hefð hefur átt sinn þátt í tilurð þeirra.⁶ Enn fremur er allsendis óvíst hvort hugtök sálgreiningarinnar dugi til að ná markmiðum flestra þeirra sem rannsaka bókmenntir liðinna alda, sem felast í því að skilja formgerð og merkingarsmið í textum í ljósi hins sögulega og félagslega veruleika sem þeir eru upprunnir í.

Í bók um *Egils sögu*, hef ég reynt að færa rök fyrir því að skipting sögunnar í tvo hluta komi til af því að einföld átök söguhetjunnar við konung í fyrri hlutanum, það er milli Þórólfs Kveld-Úlfssonar og Haraldar hárfagra, verða flóknari í seinni og lengri hlutanum. Þar á Egill ekki einvörðungu í átökum við kóng, heldur líka við eigin föður og Guð. Síðarnefndu átökin eru meira eða minni dulin í sögunni en eru gefin til kynna á svipaðan hátt og Freud telur að draumar bæði tjái og feli það sem fer fram í dulvitundinni, það er með hliðrun og þéttingu (þýs. *Verschiebung und Verdichtung*).⁷ Eins og draumar, sýnir *Egils saga* og felur í senn, því hún fjallar um frumátök Ödipusarskeiðsins sem hún varpar á viðfangsefni sem tengjast bæði stjórnárum og trú. Nálgun sálgreiningar gerir kleift að skýra marga þætti sögunnar, ekki síst hvað vakir fyrir aðalpersónunni, Agli Skalla-Grímssyni. Enn fremur eykur hún skilning nútímamanna á rótum sögunnar í samtíma sínum.⁸

Í ritgerð um *Eyrbyggja sögu* hef ég einnig reynt að leysa gátuna um óvenjulega byggingu hennar á svipuðum forsendum. Þar má finna fleiri en eina föðurpersónu og er þeim stillt upp sem andstæðum á kerfisbundinn hátt. Með því að tvinna saman sálgreiningu og frásagnarfræði A. J. Greimas, má sýna að föðurmyndirnar dreifast um söguna á skipulegan hátt og að það tengist annars vegar því hvernig söguþræðirnir fléttast saman og hins vegar

⁵ Carolyn Anderson, „No Fixed Point. Gender and Blood Feuds in Njal's Saga“, *Philological Quarterly* 81: 4/2002, bls. 421–440.

⁶ Gísli Sigurðsson, *Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar. Tilgáta um aðferð*, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2002.

⁷ Sigmund Freud, *Draumaráðningar*, Sigurjón Björnsson þýddi, ritaði inngang og skýringar, Reykjavík: Skrudda, 2010, bls. 212; 230.

⁸ Torfi H. Tulinius, *Skáldið í skriftinni. Snorri Sturluson og Egils saga*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004.

sjálfsmyndarkreppu íslenskra höfðingja um miðbik 13. aldar. Hvernig geta þeir orðið það sem feður þeirra voru, það er höfðingjar, þegar svo margir ungir menn, allir vel bornir og hæfir, keppa um stöðurnar?⁹

Í báðum ritgerðunum reyni ég að sýna að þeir sem settu sögunnar saman eiga í boðskiptum við fyrstu viðtakendur sögunnar, bæði meðvitað og ómeðvitað, um hluti sem skipta máli á þeirra dögum. Enda er afskaplega mikilvægt, þegar reynt er að beita sálgreiningu á forna texta, að það sé gert að undangenginni vandaðri greiningu á sögunni sem byggir á ítarlegri þekkingu á samfélaginu og menningunni sem ólu hana af sér.

Eros og Panatos

Dauðahvötin kemur seint inn í hugtakaförða Freuds. Fyrsta veigamikla ritsmíðin um hana hefur þegar verið nefnd, „Handan vellíðunarlögmálsins“ frá 1920, en hún er einn af erfiðustu og tilraunakenndustu textum hans. Hann heldur því fram að markmið alls lífs sé að leita dauðans og að ómeðvituð dauðahvöt knúi lífveruna í þessa átt. Þessi hvöt, sem Freud talar reyndar um í fleirtölu, er í sífelldu samspili við aðrar hvatir, lífshvatirnar, sem einnig eru ómeðvitaðar.¹⁰

Dauðahvatirnar eru fyrir hendi í öllum lífverum og beinast út á við sem árásarhneigð og inn á við sem masókismi. Aftur á móti er hlutverk lífsþrána að leggja hömlur á eyðileggingarmátt dauðahvatanna. Fyrri hvatirnar kallar hann Panatos og hinar síðari Eros. Þetta líkan að hvatalífinu er ekki bara tvískipt heldur líka gagnvirkt, því hvatirnar eiga í stöðugum átökum. Einnig mætti segja að þær spili saman eða blandist, til dæmis í kynlífi sem krefst þess að báðar hvatirnar séu til staðar. Af hvatahópunum tveimur er Eros sýnilegri, en þó er Panatos ávallt að verki, en baksviðs. Undantekningu frá þessu má finna í krísum þegar ástríður leysast úr læðingi. Þá gerir Panatos meira vart við sig, yfirleitt sem árásarhneigð en einnig sem vilji til að deyta. Þessi losun ástríðnanna tengist því sem Freud kallar *Triebentmischung* og þýtt

⁹ Torfi H. Tulinius, „Hamlet í Helgafellssveit. Samræður um samræður við söguöld“, *Greppaminni. Rit til beiðurs Vesteini Ólasyni sjötugum*, Margrét Eggertsdóttir, Árni Sigurjónsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðrún Nordal og Guðvarður Már Gunnlaugsson gáfu út, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2009, bls. 423–435.

¹⁰ Í framhaldi af þessu réðst Freud í allsherjar endurskoðun á hugmyndum sínum um formgerð sálarlífsins sem hann skipti eftirleiðis í það, sjálf og yfirsjálf (þýs. Es, Ich og Über-Ich) og setti síðar fram í ritgerðinni um „Sjálfið og þaðíð“ sem kom fyrst út 1923. Sigmund Freud, „Sjálfið og þaðíð“, *Ritgerðir*, Sigurjón Björnsson þýddi og ritaði inngang, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002, bls. 237–317.

hefur verið sem „hvatadreifing“ eða „hvatasundurleysing“. ¹¹ Um er að ræða ástand þar sem Erosi tekst ekki lengur að binda dauðahvatirnar. Freud trúir því að Panatos sé sterkari en Eros og liggi nær innsta kjarna lífverunnar. Hlutverk Erosar er fyrst og fremst að tefja fyrir hinum óumflýjanlega endi. Samkvæmt Freud vill allt líf deyja, en þegar það hentar því. ¹²

Bandaríski bókmenntafræðingurinn Peter Brooks hefur sent frá sér merkilegt rit þar sem hann sýnir hvernig kenning Freuds um dauðahvatirnar varpar nýju ljósi á eðli frásagna. Hann byggir á þeirri hugmynd að allar frásagnir mótist af því hvernig þær endi. Með vísan til „Handan vellíðunarlögmálsins“ heldur hann því fram að allar frásagnir séu nátengdar dauðahvötinni þar sem þær endurskapa gagnvirknina milli Eros og Panatosar í sjálfri formgerð sinni. ¹³

Vissulega er örðugt að hugsa sér sögu án endis. Við það bætist að sá sem segir sögu velur úr atvikum og raðar þeim upp þannig að þau leiða til þess endis sem hann hafði í huga. Þetta rennir frekari stoðum undir þá fullyrðingu að allar frásagnir stefni að endi sínum. En Brooks sér fleiri einkenni dauðahvatanna í skáldskap, til að mynda hvernig unnið er með endurtekningar, til dæmis stuðla og rím í bundnu máli og þrefaldar endurtekningar í goð-, hetju- og þjóðsögum. Dauðahvatirnar gera einmitt gjarnan vart við sig með endurtekningum.

Þetta tengist því að Freud mótaði kenningar sína um dauðahvatirnar um leið og hann vann með sjúklinga sem þjáðust af áfallastreituröskun eftir orrustur fyrri heimsstyrjaldar. Þessir sjúklingar áttu það til að endurupplifa í martröðum sínum hræðilegar aðstæður sem þeir höfðu lent í, en það gekk í berhögg við kenningu Freuds um vellíðunarlögmálið. ¹⁴ Því var hann knúinn til að setja fram nýja kenningu sem tæki mið af þessu. Í nýrri nálgun hans þjónaði endurtekningin þeim tilgangi að kalla fram blekkingu um að viðkomandi hefði náð tökum á áfallinu.

Dæmið sem Freud tók var úr lífi eigin fjölskyldu. Lítill dóttursonur hans fór einatt í mikið uppnám þegar móðir hans brá sér af bæ en tókst á við það með því að endurtaka ótal sinnum sama leik. Hann kastaði leikfangi undir rúm þannig að það hvarf honum sjónum. Þá hrópaði hann „fort“ (í burtu). Svo skreið hann undir rúmið og náði í hlutinn og kallaði „da“ (hér). Freud

¹¹ Sigmund Freud, *Ritgerðir*, bls. 335.

¹² Sigmund Freud, „Handan vellíðunarlögmálsins“, bls. 121; Peter Brooks, *Reading for the Plot. Design and Intention in Narrative*, New York: Vintage Books, 1984, bls. 107.

¹³ Sama rit, bls. 112.

¹⁴ Sigmund Freud, „Handan vellíðunarlögmálsins“, bls. 92.

taldi að strákhnokkinn væri með þessu móti að endurupplifa þjáninguna sem hann varð fyrir þegar móðir hans yfirgaf hann, en jafnframt að ná tökum á henni með því að láta móðurina koma aftur með táknrænum hætti.¹⁵

Líta mætti á endurtekningsáráttu sem birtingarform vellíðunarlög-málsins (að lina kvíðann), en hún liggur dýpra. Með endurtekningsunni binst orkan sem ver sálarlífið fyrir hinu yfirþyrmandi áreiti sem áfallið er. Hún er því eins konar varnarháttur og það mætti halda því fram að því fleiri merki sem finnast um þessa árátta í bókmenntatexta, því meira sé áfallið sem höfundurinn er meðvitað eða ómeðvitað að fást við. Brooks telur að nota megi kenningu Freuds um dauðahvatirnar sem eins konar „meistarafléttu“ fyrir allar frásagnir.¹⁶ Ég tel þó að hún sé misjafnlega sýnileg eftir frásögnum og að *Brennu-Njáls saga* sé dæmi um sögu þar sem kenning Freuds um dauðahvötina hafi mikið skýringargildi.

„Koma mun til mín feigðin...“

Það er sláandi hversu margar persónur *Brennu-Njáls sögu* eru jákvæðar gagnvart eigin dauða.¹⁷ Af aðalpersónum eru það meðal annars Gunnar, sem ákveður að snúa aftur til Hlíðarenda, þegar hann er á leið í tímabundna útleð, þrátt fyrir að bæði Kolskeggur og Njáll hafi sagt honum að það yrði hans bani (181; 183). Njáll, Bergþóra og Skarphéðinn sýna öll, með einum eða öðrum hætti, að þau kjósi fremur dauðann (326-330), og einnig Flosi, eins og þegar hefur verið bent á. Þetta á jafnframt við um margar aukapersónur, eins og til dæmis Þjóstólf, fóstura Hallgerðar. Þegar hann hefur vegið Glúm, eiginmann Hallgerðar, fylgir hann fyrir mælum hennar um að fara til Hrúts, föðurbróður hennar, þótt hann gruni að hún hafi sent hann þangað til að hann yrði drepinn (50). Sama má segja um þá Kol, Atla, Þórð Leysingjason og aðra þá sem taka þátt í hinum svokölluðu „húskarlavígum“ sem húsfreyjurnar að Hlíðarenda og Bergþórshvoli standa fyrir (93; 99; 107). Allir vita þeir að þátttaka í vígunum muni draga þá til dauða. Eigi að síður

¹⁵ Sama rit, bls. 93–97.

¹⁶ Peter Brooks, „Meistarafléttu Freuds. Líkan fyrir frásagnir“, Brynja Magnúsdóttir þýddi, *Ritið* 2/2003, bls. 165–190, bls. 181.

¹⁷ Ég ræði ekki hér hugmyndir sem lesa má úr *Brennu-Njáls sögu* um forlög og óumflýjanleika þeirra. Um þær hefur Lars Lönnroth fjallað ágætlega (*Njáls Saga. A Critical Introduction*, Berkeley: University of California Press, 1976, bls. 123–136), einkum hve erfitt er að skilja á milli kristinna og heiðinna hugmynda um þau efni. Viðfangsefni mitt eru dýpri sálrænar formgerðir sem móta menningarlegar hugsmíðar eins og til dæmis forlagatrú.

láta þeir undan vilja kvennanna. Þetta þýðir ekki að þeir leitist ekki við að verja sig þegar á hólminn er komið, en það var á þeirra valdi að forðast að lenda í þessum aðstæðum. Þetta gildir einnig um Austmanninn Þóri, sem vill ekki fara að Gunnari en gerir það eigi að síður þegar húsfreyjan á heimilinu eggjar hann til þess. Hann veit að þetta verður hans bani (155). Hjörtur, bróðir Gunnars, kys einnig að berjast, þótt Gunnar hafi dreymt fyrir vígi hans (156). Loks má ekki gleyma drengnum Þórði Kárasyni, sem vill frekar deyja með afa sínum og ömmu í brennunni, Njáli og Bergþóru, heldur en að lifa þau (330).

Þessi þáttur sögunnar er náskyldur stúlbragði sem mikið er notað í sögunni og felst í að gefa óorðna atburði til kynna með forboðum af einu eða öðru tagi.¹⁸ Það að vita fyrirfram af dauða sínum, ekki síst ef sagt hefur verið fyrir um hann af persónu eins og Njáli, sem er forspár, þýðir að með einhverjum hætti sé maður sáttur við hann. Þetta er einkar skýrt þar sem Gunnar á í hlut, eins og Theodore M. Andersson hefur bent á: „Því er erfitt að trúa því að Gunnar sé ekki þátttakandi, viljandi eða óviljandi, í að koma eigin dauða í kring.“¹⁹ Í þessu samhengi vekur það eftirtekt að Gunnar er aldrei sagður vera glaður eða kátur, fyrir en honum er lýst í haugi sínum eftir vígið. Þar er hann „kátligr ok með gleðimóti miklu“ (193).

Hugmyndin um fyrir fram ákvarðaðan dauða birtist í nafnorðinu „feigð“ og lýsingarorðinu „feigur“. Þegar farið er í gegnum allar Íslendingasögurnar kemur í ljós að hvergi nema í *Brennu-Njáls sögu*, koma þau fyrir oft en þrisvar sinnum, en í mörgum þeirra finnast þau ekki. Í *Brennu-Njáls sögu*, sem vissulega er lengsta sagan, má finna annað hvort lýsingarorðið eða nafnorðið alls tíu sinnum. Þetta er óvenju há tíðni og bendir til þess að höfundur sögunnar hafi haft sérstakan áhuga á þeirri hugmynd að þeim sem lifa sé ætlaður dauði.

Sjálfur notar Gunnar nafnorðið „feigð“ á mjög athyglisverðan hátt í 68. kafla sögunnar þegar Kolskeggur er að vara hann við hugsanlegri hættu: „Koma mun til mín feigðin, segir Gunnar, hvar sem ek em staddr, ef mér verðr þess auðit.“ (168). Valið á orðtakinu „að verða einhvers auðið“ er

¹⁸ Günter Zimmermann, „Die Vorausdeutungen in der Njáls saga unter strukturellen Aspekt“, *Linguistica et Philologica. Gedenkschrift für Björn Colliner (1894-1983)*, Otto Geschwantler, Károly Rédei og Hermann Reichert gáfu út, Wien: Wilhelm Braumüller, 1984, bls. 597–607.

¹⁹ Theodore M. Andersson, *The Growth of the Medieval Icelandic Sagas (1180-1280)*, Ithaca and London: Cornell University Press, 2006, bls. 195: „It therefore seems difficult to believe that Gunnarr is not a partner, voluntary or involuntary, in his own undoing“ (mín þýðing).

óvenjulegt. Það ber með sér jákvæða merkingu en hér notar Gunnar það með „feigð“, það er nálægð dauðans. Þetta er eina tilvikið sem ég hef fundið í fornsöggunum þar sem orðtakið er notað í tengslum við yfirvofandi dauða og eykur á þá tilfinningu að viðhorf Gunnars til eigin dauða sé fremur jákvætt. Sú spurning gerist áleitin hvers vegna Gunnar hefur þessa afstöðu.

Gunnar er flókin sögupersóna. Meiri bardagamann getur varla um í fornum sögum en hann er einnig friðsamur og leggur sig fram um að forðast öll átök, þótt hann neyðist til að verja sæmd sína þegar leitað er á hann. Þetta á við til dæmis þegar Otkell og Skammkell bera út gróusögur um hann (136). Yfirleitt sýnir hann stillingu en það kemur fyrir að hann sleppi fram af sér beislinu þegar hann á í vopnaviðskiptum. Þótt hann drepi marga, uppsker hann af því enga ánægju: „Hvat ek veit, segir Gunnar, hvárt ek mun því óvaskari maðr en aðrir menn sem mér þykkir meira fyrir en öðrum mönnum at vega menn“ (139).

Þrátt fyrir góða sjálfsstjórn, er Gunnar maður sterkra tilfinninga. Til dæmis er oft sagt frá því að hann reiðist, en hann er einnig vinfastur með eindæmum, einkum þegar Njáll á í hlut. Auk þess er hann elskur að bræðrum sínum, Kolskeggi og Hirti. Loks getur lostinn náð tökum á honum, eins og þegar hann tekur fljótfærnislega og örlagaríka ákvörðun um að ganga að eiga Hallgerði. Hrótur kallar þetta „girndarráð“ (87) og er ekki annað að sjá en að það sé sömuleiðis skoðun Njáluhöfundar. Hér er vert að nefna aftur hina frægu ákvörðun Gunnars um að snúa aftur til Hlíðarenda í stað þess að halda í þriggja ára útleið, sem hann hafði fallist á eftir víg Þorgeirs Otkelsonar. Hestur hans hefur hrasað á leiðinni niður að sjó og Gunnar stokkið af baki. Hann snýr við og sér heimili sitt og landið í kring. Það hefur aldrei virst honum jafn fagurt (182).

Skáld og fræðimenn hafa túlkað þetta atvik í sögunni á margvíslegan hátt í gegnum árin. Allir þekkja hvernig Jónas Hallgrímsson útmálar Gunnar sem sjálfstæðishetju sem vægir ekki fyrir óvinum sínum í kvæðinu *Gunnarsbólma*. Aðrir hafa haldið fram að Gunnar eigi í raun við Hallgerði og að „bleikir akrar ok slegin tún“ standi fyrir hár Hallgerðar og aðra kynferðislega hlaðna þætti hennar.²⁰ Fyrir mörgum árum vakti Hermann Pálsson athygli mína á því að augu Gunnars beinast ekki einvörðungu að bænum sínum, heldur líka að staðnum þar sem haugur hans verður orpinn síðar í

²⁰ Helga Kress, „Óþarfar unnustur áttu“. Um samband fjölkynngi, kvennafars og karlmennsku í Íslendingasögum“, *Galdramenn. Galdrar og samfélag á miðöldum*, Torfi H. Tulinius gaf út, Reykjavík: Hugvísindastofnun, 2008, bls. 21–49, hér bls. 40.

sögunni, en talið er að hann hafi staðið milli bæjarins og Markarfljóts (192 nmgr.). Hann nefndi einnig að aðeins væri einn annar staður í fornritum þar sem sögupersóna segir landslag vera fagurt, en það er í *Landnámabók*, þegar Hallsteinn Þengilsson kemur heim eftir langa fjarveru og fréttir af dauða föður síns. Hann túlkar eigin blendnar tilfinningar með stöku sem segir að fjallið fyrir ofan bæ þeirra feðga drúpi höfði úr sorg en að hlíðarnar hlæi við honum sjálfum.²¹

Það er ekki ósennilegt að tilfinningar Gunnars á þessu augnabliki hafi einmitt verið blendnar og að allar túlkanirnar sem nefndar hafa verið kunni að eiga við. Hann gæti átt erfitt með að beygja sig undir dóminn á Alþingi og fremur viljað ögra „grimmlægum fjendum“ sínum.²² Hann gæti einfaldlega verið heimakær en einnig viljað halda áfram að njóta Hallgerðar, sem enn vekur girnd hans. Hann gengur af ásettu ráði í berhögg við ráð tveggja bestu vina sinna, Njáls og Kolskeggs, sem hafa báðir sagt að hann muni deyja virði hann ekki sáttina um að fara af landi brott í þrjú ár. Gunnar er maður mikilla og mótsagnakenndra ástríðna, en honum er ekki vel við þessar ástríður og hann er aldrei ánægðari en eftir að hann hefur losnað undan þeim og situr einn en kátur í haug sínum.

Það er eftirtektarvert að sagan tengir oftar en einu sinni saman girnd og vilja til að deyja. Þorgrímur og Þórir, Austmennirnir sem Gunnar vegur, vita að þeir muni deyja en eru tilbúnir að fara að Gunnari vegna þess að þeir girnast Guðrúnu, dóttur Egils. Hún er „kvenna kurteisust“ og kölluð „nátsól“ sem einnig vekur hugrenningartengsl við dauðann (147; 155; 160). Ef til vill er það engin tilviljun að Þorgrímur er fyrsti maðurinn sem Gunnar vegur í lokaorrustunni (187). Með því er hugsanlega verið að gefa í skyn hliðstæðu milli þessara tveggja manna sem báðir leggja sig í lífshættu knúðir af ástríðufullri þrá til fallettrar konu.

Það er einnig ýjað að því að Þjóstólfur kunni að stýrast af kynferðislegri ást á Hallgerði þegar hann verður Glúmi að bana. Áður hafði hann haft í flimtingum að Glúmur væri að „brólta á maga Hallgerði“ (49). Það er í samræmi við kenningu Freuds að náin tengsl séu milli girndar og dauðahvatanna: Eros þjónar Panatosi.

²¹ *Íslendingabók. Landnámabók*, útgefandi Jakob Benediktsson, Reykjavík: Íslensk fornrit 1, 1986, bls. 272.

²² Jónas Hallgrímsson, „Gunnarshólmi“, *Ljóð og lausamál*, Ritverk Jónasar Hallgrímssonar 1. b., ritstjórar Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson, Reykjavík: Svart á hvítu, 1989, bls. 79.

„*Genginn út úr sjávarhömrum*“

Hvergi slær það lesandann af jafn miklum krafti hve feigðin er óumflýjanleg og í frægri frásögn af jötuninum Járngrími. Í draumi Flosa skömmu eftir Njálsbrennu, gengur Járngrímur út úr Lómagnúp og kallar á menn Flosa (346–348). Nöfnin eru sögð í sömu röð og Kári vegur þá síðar í sögunni.²³ Þegar litið er til kenningarinnar um dauðahvötina, er þessi frásögn einkar áhugaverð og liggja til þess minnst tvær ástæður. Fyrsta er sú að jötunninn birtist Flosa í martröð, sumsé kvalafullri upplifun en ekki í draumi þar sem ósk Flosa uppfyllist, eins og í fyrri kenningu Freuds um vellíðunarlögmálið. Hann er að upplifa áfall, reyndar er það áfall sem hann verður fyrir síðar í sögunni, þegar Kári hefnir Njálsbrennu með því að drepa marga af fylgismönnum hans.²⁴ Hin ástæðan er sú að hér er hugmyndin um fyrirfram boðaðan dauða ekki sett fram sem forspá einhvers, heldur sem eitthvað yfirnáttúrulegt og óhugnanlegt: dularfullur og risavaxinn maður með ægilegt nafn sem gengur út úr fjalli.

Það er engin tilviljun að Freud gaf út fræga ritgerð sína um „hið óhugnanlega“ eða *das Unheimliche* aðeins ári fyrir en „Handan vellíðunarlögmálsins“.²⁵ Eins og Freud sagði sjálfur, þá eru dauðahvatirnar í eðli sínu óhugnanlegar.²⁶ Sú hugmynd að innra með okkur séu að verki öfl sem vinni að endalokum okkar stríðir ekki aðeins gegn almennum viðhorfum, hún er einnig mjög truflandi. Þrátt fyrir það er dauðinn órofa hluti lífsins af því allar lífverur eldast og deyja. En kenning Freuds nær lengra en þessi dapurlega staðreynd. Það sem vekur óhug okkar í kenningunni – og raunar á það líka við um sjálfa dulvitundina – er að í okkur býr afl sem við ráðum ekki yfir og kunnum ekki við. Ekki er nóg með að við séum ekki herrar í eigin húsi, eins og Freud orðar það á eftirminnilegan hátt, heldur hefur innri óvinur tekið sér þar bólfestu.²⁷

²³ Lars Lönnroth, *Njáls Saga*, bls. 32. Töluvert hefur verið skrifað um draum Flosa. Hér nægir að vísa til þess sem Einar Ólafur Sveinsson segir í formála sínum að sögunni um tengsl draumsins við frásögn úr *Víðræðum* Gregoríusar mikla (Einar Ólafur Sveinsson, *Á Njálsbúið. Bók um mikið listaverk*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1943, bls. 10–11; 171).

²⁴ Hér mætti hreyfa þeirri mótbáru að áfallið sem Flosi mun verða fyrir hefur ekki átt sér stað og því eiga kenningar Freuds ekki við hann. Henni er svarað með því að minna á að Flosi er bókmenntapersóna, og sem slík ekki með dulvitund. Dulvitund þess sem ritaði söguna og viðtakenda hennar er viðfangsefni þessarar greinar.

²⁵ Sigmund Freud, *Listir og listamenn*, Sigurjón Björnsson þýddi, ritaði inngang og skýringar, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004, bls. 191–238; Peter Brooks, *Reading for the Plot*, bls. 99.

²⁶ Sigmund Freud, „Handan vellíðunarlögmálsins“, bls. 101–104.

²⁷ Sigmund Freud, *A Difficulty in the Path of Psycho-Analysis*, James Strachey þýddi,

Skarphéðinn Njálsson hefur löngum verið lesendum *Brennu-Njáls sögu* hugstæður, eins og hann auðsýnilega fangaði hugmyndaflug þess sem ritaði söguna. Vissulega er hann óvenjuleg sögupersóna, og á margan hátt einstakur í fornsögunum. Það fer lítið fyrir honum í fyrri hluta sögunnar, þar sem hann heldur sér til hlés, hlýðir skipunum föður síns og styður vini sína. Þegar hann stígur fram á sviðið í seinni hlutanum, er það fyrst og fremst til að fremja ofbeldisverk, til dæmis að hefna Gunnars eða vega fyrst Þráin, eftir að hann hefur tekið þátt í að smána þá, og seinna meir son hans Höskuld, þegar hann hefur verið rægður fyrir honum og bræðrum hans (231; 280). Hann spillir líka tilraunum þeirra til að öðlast bandamenn á Alþingi eftir vígið á Höskuldi (297–306). Enn fremur tekst honum að eyða sættinni sem margir góðgjarnir menn höfðu lagst á eitt að semja um. Við þetta tækifæri er sagt um þá Skarphéðinn og Flosa að þeir séu augljóslega „ógæfumenn“ (314). Loks er það Skarphéðinn sem tekur af skarið um að hlýða föður sínum og fara inn í brennandi bæjarhúsin í stað þess að berjast við Flosa og menn hans utandyra. Þó veit hann að það verður hans bani (326).

Þetta gæti nægt til að tengja Skarphéðin við dauðahvatirnar. En það eru aðrar hliðar á persónunni sem gera þessi tengsl enn skýrari og áhugaverðari. Á margan hátt er hann óhugnanlegur í skilningi Freuds, það er að segja að það er eitthvað sem er ekki alveg mennskt við hann. Mjög oft er vakin athygli á fölrni ásjónu hans. Hann er maður sterkra tilfinninga en gerir sitt besta til að dylja þær (114). Eitt af höfuðeinkennum hans er glottið sem víða er minnst á í sögunni (96; 98; 114; 299; 304; 327). Það er eitthvað dularfullt við þetta glott sem gefur til kynna að hann hafi gaman af neikvæðum hlutum, en glottið hefur líka ögrandi áhrif á sumar aðrar persónur.²⁸

Þetta kemur hvergi jafn skýrt fram og í hegðun Skarphéðins á Alþingi, þegar Njálssynir eru að leita eftir stuðningi helstu höfðingja landsins vegna vígs Höskuldar Þráinssonar Hvítanessgoða. Frásögnin af liðsbóninni er sérlega áhugaverð í ljósi dauðahvatanna. Hún skiptist í fimm sjálfstæðar senur sem allar hafa sömu formgerð. Í hverri þeirra er Skarphéðni lýst af höfðingjanum á svipaðan hátt en þó er nokkur munur á því hvað sagt er um hann (297–306).

Þegar hefur komið fram að sterk tengsl eru milli endurtekninga og dauðahvatarinnar. Þótt munur sé á senunum þá er það endurtekning þeirra sem

Standard Edition of the Complete Psychological Works, London: Hogarth Press, 1917, bls. 143.

²⁸ Low Soon Ai, „The Mirthless Content of Skarphedinn’s Grin“, *Medium Aevum* 65: 1/1996, bls. 101–107, hér bls. 101.

gerir þær minnisstæðar, auk hegðunar Skarphéðins sem er bæði uggevkjandi og óhugnanleg. Þessi óhugnaður er gefinn til kynna á ýmsan hátt, meðal annars í lýsingum höfðingjanna á honum. Einkum er athyglisvert hvernig Skafti Þóroddsson lýsir honum sem „tröllslegum“ en Hafur inn auðgi sem „svo illilegum sem genginn sé út úr sjávarhömrum“ (298; 301). Í þessari frásögn er sérstaklega dregið fram að það er eitthvað við Skarphéðin sem vekur óhug þeirra sem í kringum hann eru, líkt og að sjálfur dauðinn væri viðstaddur. Einkum er það athyglisvert að Hafur inn auðgi skuli líkja honum við tröll sem gengið sé út úr hamri, því það býr til hliðstæðu milli hans og Járngríms sem boðar dauða þeirra sem hann kallar. Þetta styrkist meðal annars af því hvernig fólk bregst við líkama hans eftir dauðann. Hann hafði heyrst kveða vísu úr brunarústunum og Grani Gunnarsson skildi það svo að hann myndi ganga aftur (336–337). Meðan hann var lifandi, var eitthvað óhugnanlegt við Skarphéðin. Að því leyti líktist hann Glámi í *Grettis sögu* eða Þórólfi bægifóti í *Eyrbyggju* sem báðir gengu aftur. Því kemur það öllum þægilega á óvart að verða ekki fyrir ónotum í návist Skarphéðins látins (344).

„*Veg þú aldrei meir í inn sama knérunn*“:

Endurtekningar og dauðahvatir

Eins og raunar á við um margar frásagnir, eru endurtekningar mikilvægur þáttur í því hvernig frásögn *Brennu-Njáls sögu* er ofin. Þetta er sérlega áberandi í þeim hlutum sögunnar sem fjalla um húskarlavíg Hallgerðar og Bergþóru, frásögninni af því hvernig Gunnar blekkir Hrút snemma í sögunni og í langdregnum köflum um lagafækjur og klæki eftir Njálsbrennu. Þó er eftirtektarvert að í sögunni er varað við endurtekningum, líkt og höfundurinn skynji sambandið milli þeirra og dauðahvatir. Þetta á við um Gunnar sem endurtekur víg Otkels með því að drepa son hans Þorgeir, þrátt fyrir að Njáll hafi varað hann við því að veга aftur „í inn sama knérunn“ (139; 167). Harmrænar aðstæður gera það að verkum að Gunnar getur ekki annað. Sama verður ekki sagt um Skarphéðin og bræður hans sem leyfa Merði, manni sem þeir síst af öllum áttu að treysta, að plata sig til að fara að Höskuldi eftir að hafa vegið föður hans Þráin nokkrum árum fyrr. Þeir hafa „vegið í inn sama knérunn“. Eins og kenning Freuds gerir ráð fyrir, er það með endurtekningum sem hinar illhöndlanlegu dauðahvatir gera vart við sig. Þannig er farið um víg Höskuldar, en sagan virðist ótvírætt gefa í skyn að það víg muni leiða til dauða Njáls og allra sona hans (281). Það er eins og dulið afl hafi tekið stjórnina, afl sem er mennskt en lýtur þó ekki stjórn

manna. Eina leiðin til að stöðva það er með því að rjúfa vítahring hefndar og gagnhefndar, eins og Gunnar gerir eftir víg Sigmundar frænda síns (118) eða eins og Síðu-Hallur, sem reynir að koma á friði með því að falla frá því að taka bætur eftir son sinn látinn (411–412). Þrátt fyrir það er engin leið að stöðva dauðahvatirnar og að lokum verður eyðingarmáttur þeirra ofan á.

Þannig getur sálgreiningin opnað nýja sýn á það sem knýr frásögn *Brennu-Njáls sögu*, eins og raunar hefur þegar komið í ljós í áður nefndri grein Carolyn Anderssons.²⁹ Niðurstöður þessarar rannsóknar eru að það megi, með hliðsjón af kenningu Freuds um dauðahvatirnar, öðlast dýpri skilning á þessu merkilega listaverki. Þetta er saga sem tekur á djúpstæðan hátt á baráttunni milli eyðandi afls dauðahvatanna og tilrauna lífshvatanna til að halda Panatosi í skefjum. Þetta má ráða af því hve höfundur er augljóslega upptekinn af sjálfviljugum dauða og af miklum endurtekningum í formgerð sögunnar. Það má greina vissa hliðstæðu milli sögunnar miklu sem hann leiðir lesendur sína í gegnum og átakanna sem Freud lýsir í sálarlífinu. Sagan sýnir ástríður sem skapa hættu og góðgjarna menn sem reyna eftir mætti að halda þeim í skefjum. Í lokin kemst friður aftur á, allt hverfur aftur til „kyrrstöðu ólífrænnar veraldar“,³⁰ eins og Flosi sem hverfur hljóðlaust ofan í hafið. Líf hans hefur runnið sitt skeið og því hefur lokið á eigin forsendum. Sama má segja um *Brennu-Njáls sögu*.

ÚTDRÁTTUR

Margar persónur *Brennu-Njáls sögu* mæta sjálfviljugar dauða sínum. Feigð er hugleikin höfundi hennar. Leitað er í smiðju bókmenntafræðingsins Peter Brooks og upphafsmanns sálgreiningarinnar, Sigmund Freuds, til að skilja betur hvernig þetta áleitna minni í sögunni tengist heildarbyggingu hennar. Stuðst er við kenningar Brooks um „meistarafléttu Freuds“ þar sem átök dauðahvata og lífshvata í sálarlífinu eru hliðstæða við grunnformgerð allra frásagna. Með því er nýju ljósi varpað á þetta einstæða listaverk.

Lykilorð: *Brennu-Njáls saga*, feigð, formgerð frásagna, dauðahvatir, Freud, Peter Brooks

²⁹ Carolyn Andersson, „No Fixed Point“, bls. 435.

³⁰ Sigmund Freud, „Handan vellíðunarlögmálsins“, bls. 146.

ABSTRACT

Looking for Death in Brennu-Njáls saga

Many characters in Brennu-Njáls saga go willingly to their death. The idea of „feigð“ or pre-programmed death is a recurring theme in the saga. Peter Brooks’s *Reading for the Plot* and Sigmund Freud’s *Beyond the Pleasure Principle* are the theoretical basis for an analysis of the saga. It is seen as an illustration of Brooks’s theory of „Freud’s masterplot“, where narratives replicate the basic structure of the dynamics of life and death drives within the psyche. This brings a new perspective to this unique work of art.

Keywords: Brennu-Njáls saga, death, narrative structure, death drives, Freud, Peter Brooks

TORFI H. TULINIUS

Prófessor í íslenskum miðaldafræðum

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

IS-102 Reykjavík, Ísland

tth@hi.is